

Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi

Forseti Alþingis
Sólveig Pétursdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2006

Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, skipaði í júlí 2005 nefnd fulltrúa allra þingflokka, sem falið var að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi á Íslandi. Í nefndina voru skipaðir af hálfu Framsóknarflokks Helgi S. Guðmundsson og Sigurður Eyþórsson, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Af hálfu Sjálfstæðisflokks voru skipaðir Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Ragnars og Kjartan Gunnarsson, sem jafnframt var skipaður varaformaður nefndarinnar. Af hálfu Samfylkingarinnar voru skipuð í nefndina Gunnar Svavarsson og Margrét S. Björnsdóttir. Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var skipuð Kristín Halldórsdóttir og fulltrúi Frjálslynda flokksins Eyjólfur Ármannsson. Þá ákvað forsætisráðherra að Árni Páll Árnason, lögmaður, yrði starfsmaður nefndarinnar. Þegar Einar K. Guðfinnsson tók við embætti sjávarútvegsráðherra var Guðlaugur Þór Þórðarson skipaður í nefndina í hans stað.

Í skýrslu forsætisráðherra til Alþingis í apríl 2005 var meðal annars velt upp því álitamáli að nefndin gæti „eftir atvikum fjallað um hvort gera skuli kröfu til ráðherra og þingmanna um að þeir upplýsi um fjármálaleg eða stjórnunarleg tengsl sín við fyrirtæki.“ Nefndin hefur fjallað um þetta álitamál í starfi sínu. Hér vegast á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar er ljóst að upplýsingaskylda að þessu leyti felur í sér verulegt inngríp í einkalíf kjörinna fulltrúa. Hins vegar er ljóst að sterk rök eru fyrir því að gera opinberar upplýsingar af þessu tagi. Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til við forsætisnefnd Alþingis að hún hlutist til um setningu siðareglna er skyldi þingmenn og ráðherra til að upplýsa um helstu atriði er varða tekjur þeirra og gjafir sem þeir hafi fengið. Mat nefndarinnar er það að eðlilegt sé út frá heildarsamhengi þeirrar umgjörðar sem verið er að skapa um stjórnmalastarfsemina að setja slíkar reglur. Það er afstaða nefndarinnar að óhjákvæmilegt sé að ákveðnu gagnsæi verði náð í þessu efni, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Á hinn bóginn er mikilvægt að reglurnar verði ekki skálkaskjól fyrir hnýsni í einkamál kjörinna fulltrúa.

Undirritaður vill hér með koma þessari niðurstöðu nefndarinnar formlega á framfæri við forseta Alþingis. Óskað er eftir að þetta erindi verði kynnt forsætisnefnd Alþingis við fyrsta hentugleika.

Virðingarfyllt,
f.h. nefndar um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi

Sigurður Eypórsson,
formaður.